

# Beiðni um úrskurð vinnumatsnefndar vegna vinnumats framhaldsskólakennara

Ábyrgðaraðili / ábyrgðaraðilar erindis: <input type="checkbox"/> Skólameistari <input type="checkbox"/> Kennari / Kennarar x	Dagsetning tilvísunar 14.09.2015
Nafn skóla Menntaskólinn á Ísafirði	Símanúmer skóla 4504400
Skólameistari Jón Reynir Sigurvinsson	Netfang jon@misa.is
Kennari / Kennarar XXXX	Netfang XXXX
Áfangaheiti og áfangalýsing (vefslóð) NÁTV11F05 Inngangur að náttúruvísindum fyrir félagsvísindabraut Meðfylgjandi er „NÁTV11F05 Inngangur að náttúruvísindum fyrir félagsvísindabraut frá Mí.doc“ áfangalýsing sem kennari fékk við ráðningu sem leiðbeinandi fyrir áfangann og einnig kennslu og námsáætlun kennara fyrir áfangann „NÁTV11F05 Náttúruvísindi Haust 2015 Kennslu- og námsáætlun XXXX.doc“	
<p><u>Ágreiningsefni:</u> Vinnumat áfanga. Skólameistari telur sig ekki geta samþykkt neðangreinda kröfu og metur áfangann eins og tiltekið er í sýnidæmi um raungreinaáfanga.</p> <p><u>Áfanginn og vinnumatskröfan:</u> Áfanginn sem um ræðir er <b>nýr</b>, búinn til <b>vegna breytinga á áherslum í námsframboði og tímalengd náms</b> á viðkomandi námsbraut til stúdentsprófs. Hann er því <b>kenndur í fyrsta skipti</b>.</p> <p>Markmið áfangans er að gefa nemendum á félagsvísindabraut yfirlit yfir náttúruvísindi í víðu samhengi, efnafræði, líffræði, jarðfræði og eðlisfræði og hvernig þessar greinar eru í grunninn byggðar á sömu viðfangsefnunum. Lögð er áhersla á orkuhugtakið, orkuauðlindir og nýtingu þeirra. Þetta er áfangi sem er <b>þverfaglegur</b> á mjög <b>viðtæku sviði</b>, <b>endurhönnun</b> á þremur eldri áföngum og stuðst er við símat og vendikennslu. Námsfna- og verkefnagerð er unnin frá gunni því áfanginn er <b>án útgefins kennsluefnis og skipulagðra verkefna</b>.</p> <p>Í vinnumati kennara er gert ráð fyrir 30 mín. í undirbúning fyrir kennslu raungreinaáfanga (Útgáfa 12-XXXX.xlsm). Kennari notar að meðaltali 1 klst og 30 mín. í þennan undirbúning fyrir hverja kennslustund í NÁTV11F05 til námsfna- og verkefnagerðar.</p> <p>Sjöunda grein kjarasamnings ríkisins og framhaldsskólakennara frá mars 2014, Viðmið um vinnumat kennara, gefur tilefni til sveigjanleika í vinnumati vegna <b>meginbreytinga</b>. Þar stendur:</p> <p style="text-align: center;"><b>Sveigjanlegt mat vegna meginbreytinga</b></p> <p>Verði meginbreytingar gerðar á útfærslu skóla á leiðum til námsloka svo sem tímalengd náms eða öðru ytra skipulagi sem hefur áhrif á kennslufyrirkomulag innan skólans skal endurmeta vinnumat áfanga sem tilheyrja slíkri breytingu. Við slíkt endurmat skal meðal annars taka tillit til þess hvort aukið álag fylgi nýju fyrirkomulagi svo sem vegna hraðari yfirferðar námsfns en í venjulegu skólalagði eða annars sem áhrif kann að hafa á vinnu kennara. Slíkt mat verður unnið á sama hátt og almennt vinnumat og ræst af þeim breytingum sem gera á.</p> <p>Sem leiðbeinandi og faglegur ábyrgðaraðili áfangans fer ég fram á endurmat eða <b>álag á heildarvinnutíma áfanga</b> með vísan í ofangreinda grein kjarasamnings og tíundað í 12. útgáfu af vinnumatsútreikningum í Excel, flípa „Vinnumat áfanga“ reitir E16-19 (A-D):</p> <ul style="list-style-type: none"><li>A. Vegna þess að áfangi er kenndur í fyrsta skipti</li><li>B. Vegna þess að verið er að endurhanna áfanga</li><li>C. Vegna þess að um er að ræða þverfaglega kennslu</li><li>D. Vegna skorts á kennsluefni</li></ul> <p>Álagið felur í sér viðbótar klst fyrir hverja kennslustund, þannig að í reit F6 standi 90 mínútur í stað 30 og útreikninga vinnustunda samkvæmt samantekt á vinnumati áfanga leiða til 9 klst yfirvinnu á mánuði (sjá skjal“ Útgáfa 12-XXXX leiðrétt vinnumat XXXX.xlsm) í stað 2 klst skuldar án mánuði eins staðan er nú án ofangreinds álags (sjá vinnumat frá skólameistara: Útgáfa 12-XXXX.xlsm)</p>	
<b>Sent á formann vinnumatsnefndar</b> <input type="checkbox"/> Starfsnám 1: Helga Jóhanna Baldursdóttir <a href="mailto:helgajo@idnskolinn.is">helgajo@idnskolinn.is</a> <input type="checkbox"/> Starfsnám 2 og listgreinar: Gréta Mjöll Bjarnadóttir <a href="mailto:greta@fa.is">greta@fa.is</a> <input type="checkbox"/> Félagsgreinar / Íþróttir / Starfsbrautir: Lára Stefánsdóttir <a href="mailto:lara@mtr.is">lara@mtr.is</a> <input type="checkbox"/> Tungumál / Íslenska: Halldóra Sigurðardóttir <a href="mailto:hals@mh.is">hals@mh.is</a> <input type="checkbox"/> Raungreinar / Stærðfræði: Lárus H. Bjarnason <a href="mailto:larushb@mh.is">larushb@mh.is</a>	<b>Fylgigögn</b> <input type="checkbox"/> Vinnumat kennara <input type="checkbox"/> Vinnumat skólameistara <input type="checkbox"/> Önnur gögn:

Vinnumatsnefndir áskilja sér rétt til að kanna sjónarmið um vinnumat áfangans hjá aðilum málsins og kalla eftir frekari gögnum.

# Úrskurður vinnumatsnefndar vegna vinnumats framhaldsskólakennara

Vinnumatsnefnd		Málsnúmer
<b>Raungreinar/stærðfræði</b>		<b>20152</b>
Nafn skóla	Áfangiheiti	
<b>Menntaskólinn á Ísafirði</b>	<b>NÁTV1IF05</b>	
Dagsetning sem málið barst	Dagsetning úrskurðar	
<b>14. september 2015</b>	<b>28. september 2015</b>	
<b>Niðurstaða vinnumatsnefndar</b>		
<p>Nefndin komst að þeirri niðurstöðu að málið væri ekki tækt til úrskurðar eins og það hafði verið lagt fyrir þ.e. sem kröfu um annaðhvort ótiltekið álag eða 60 mínútna viðbótarundirbúning fyrir hverja kennslustund. Erindinu er því vísað frá. Þó skal tekið fram að nefndin telur að álagsákvæði 7.gr. kjarasamnings kunnri að eiga við um vinnumat áfangans við þær aðstæður sem lýst er. Jafnframt skal minnt á ábyrgð beggja aðila, kennara og skólameistara, á því að gera samkomulag fyrirfram (um skilgreinda vinnu og endurgjald fyrir hana) þegar um er að ræða sérstaka endurhönnun eða námsefnisgerð.</p>		
<p>F.h. vinnumatsnefndar raungreina og stærðfræði</p> <p>Lárus H. Bjarnason</p>		
Framvinda máls:		
<input type="checkbox"/> Mál afgreitt		
<input type="checkbox"/> Máli vísað til úrskurðarnefndar		